

Ed.

435. Breytingartillaga

[11. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

3. gr. orðist svo:

Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum, álögðum 1953, sem hér segir:

Tekjuskattur gjaldanda með 30 þús. kr. eða lægri hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður.

Tekjuskattur gjaldanda með 30001—33000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að þrem fjórðu hlutum.

Tekjuskattur gjaldanda með 33001—36000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að hálfu leyti.

Tekjuskattur gjaldanda með 36001—40000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að fjórða hluta.

Þessi sérstaka tilslökun skal framkvæmd þannig, að tekjur manns að frá-dregnum skatti skuli aldrei verða lægri en þess, er greiðir lægri skatt.

Þeirrar hlutfallslækkunar á tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir, er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.